

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 228/2016

2018/EES/56/13

frá 2. desember 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1933 frá 27. október 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í kakótrefjum, bananaskífum, fæðubótarefnum, þurrkuðum kryddjurtum og þurrkuðu kryddi ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1940 frá 28. október 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir drjóna grasdrjónasveppa í tilteknu ónunni korni og ákvæði um vöktun og skýrslugjöf ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32015 R 1933:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/1933 frá 27. október 2015 (Stjútíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 11),
- **32015 R 1940:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1940 frá 28. október 2015 (Stjútíð. ESB L 283, 29.10.2015, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2015/1933 og (ESB) nr. 2015/1940, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 282, 28.10.2015, bls. 11.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 283, 29.10.2015, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.